

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1996

Nr. 118

394

5. nóvember 1996

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 5. nóvember 1996 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Ný málsgrein bætist við 2. mgr. 50. gr. og núverandi 2. mgr. verður 3. mgr. Hin nýja málsgrein verður svohljóðandi:

Í samkeppnisprófum, þar sem fjöldi stúdenta sem fær rétt til áframhaldandi náms er fyrirfram ákveðinn með ákvörðun háskólaráðs, er heimilt, skv. ákvörðun deildar, að reikna einkunnir með meiri nákvæmni en fram kemur í 1. mgr. til ákvörðunar niðurstöðu samkeppnisprófsins. Ákvörðun deildar um útreikning einkunna í samkeppnisprófum skal tilkynna a.m.k. 4 vikum fyrir próf. Einkunnir í samkeppnisprófum skulu jafnframt gefnar í heilum og hálfum tölum, sbr. 1. mgr. og færast þannig í nemendaskrá háskólans.

2. gr.

79. gr. orðist svo:

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði fara fram í námsbraut í hjúkrunarfræði í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Enn fremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagasamtökum þeirra, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr hópi fastráðinna kennara námsbrautarinnar til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram eigi síðar en í aprílmánuði. Kjörtímabil hefst við upphaf háskólaárs. Fundi í námsbrautarstjórn skal halda minnst einu sinni á hvoru kennslumisseri og annars ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar og fjallar um umsóknir um fastar kennarastöður og ræður stundakennara. Kjörtímabil stjórnarinnar hefst við upphaf háskólaárs.

Í námsbrautarráði eiga sæti formaður námsbrautarstjórnar, þrír aðrir fastráðnir kennarar námsbrautarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir af þeim úr hópi fulltrúa stúdenta í námsbrautarstjórn. Nýkjörið námsbrautarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Námsbrautarráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu, en ella þegar þörf krefur. Fundi skal boða með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Fundarefni skal greina í fundarboði. Formaður námsbrautarstjórnar boðar fundi og stýrir þeim, en varaformaður í forföllum hans. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra námsbrautarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Fundargerðir skal senda öllum sem sæti eiga í námsbrautarstjórn.

Námsbrautarráði er heimilt að fjalla um öll mál er námsbrautina varða, en hefur aðeins ákvörðunarvald í þeim málaflökkum sem stjórn námsbrautarinnar hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í meðan slíkt afsal stendur. Ef námsbrautarráð fjallar um málefni náms í ljósmóðurfræði skal boða námsstjóra í ljósmóðurfræði á fundinn og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Skjóta má máli til námsbrautarstjórnar ef formaður stjórnarinnar, helmingur námsbrautarráðsmanna eða þriðjungur fulltrúa í námsbrautarstjórn æskir þess og hefur þá námsbrautarstjórn úrslitavald í því máli.

Við námsbrautina skulu starfa ráðgefandi námsnefndir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

80. gr. orðist svo:

Nám er vegið í einingum og telst ársnám 30 einingar. Almennt grunnnám í hjúkrunarfræði er fjögur námsár, samtals 120 einingar, og lýkur með B.S.-prófi. Hámarksnámstími er 6 ár. Námsbraut í hjúkrunarfræði er heimilt að bjóða hjúkrunarfræðingum sérskipulagt grunnnám til B.S.-prófs, auk viðbótamáms og endurmenntunar. Einnig er heimilt að gefa kost á 60 eininga framhaldsnámi í hjúkrunarfræði til M.S.-prófs að loknu B.S.-prófi í hjúkrunarfræði.

Til þess að flytjast milli námsára í almennu grunnnámi í hjúkrunarfræði má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar námsleiðir og kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra, að fengnum tillögum námsnefnda í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun námsbrautarstjórnar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er stjórn námsbrautarinnar heimilt að tillögu kennara að ákveða, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara, sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaekunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki námsbrautarstjórnar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að öðlast B.S.-gráðu í hjúkrunarfræði verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

4,0 í efnafræði.

6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar.

5,0 í öðrum námskeiðum.

4. gr.

81. gr. orðist svo:

Nám í ljósmóðurfræði er 18 mánaða bóklegt nám og starfsþjálfun fyrir hjúkrunarfræðinga. Hámarksnámstími er 3 ár. Ekki er hægt að stunda nám í ljósmóðurfræði sem hlutanám. Lágmarkseinkunn er 6,0 í öllum þáttum námsmats í hverju námskeiði. Hvert námskeið er nauðsynleg undirstaða þess næsta. Umsjón með námi í ljósmóðurfræði hefur námsstjóri. Hann skal kjörinn af námsbrautarstjórn úr hópi fastra kennara í fullu starfi í ljósmóðurfræði við námsbraut í hjúkrunarfræði. Námsstjóri annast daglega stjórn námsins í umboði námsbrautarstjórnar. Inntökuskilyrði í nám í ljósmóðurfræði er próf í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Hjúkrunarfræðingar sem ekki hafa lokið B.S.-prófi í hjúkrunarfræði þurfa að ljúka fornámi samkvæmt ákvörðun námsbrautarstjórnar, áður en nám í ljósmóðurfræði getur hafist.

5. gr.

82. gr. orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta í almennu grunnnámi í hjúkrunarfræði, sem stenst próf í lok haustmíssis fyrsta námsárs meiri en svo, að veita megi þeim öllum áframhaldandi kennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum námsbrautar í hjúkrunarfræði takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs sem prófin eru haldin. Réttur stúdenta í almennu grunnnámi til áframhaldandi náms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmíssis fyrsta námsárs.

Innitun í ljósmóðurfræði er miðuð við tiltekinn stúdentafjölda á hverju ári, samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að fengnum rökstuddum tillögum námsbrautarstjórnar. Verði umsækjendur fleiri en nemur þeim fjölda sem háskólaráð ákvarðar fjallar námsnefnd í ljósmóðurfræði um umsóknirnar og tekur ákvörðun um val stúdenta, samkvæmt nánari reglum sem námsbrautarstjórn setur.

6. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. mgr. 87. gr. komi nýr málslíður, 3. málslíður, svohljóðandi: Stúdent skal almennt ljúka hverjum hluta áður en nám er hafið í þeim næsta.

7. gr.

Núverandi 3. málslíður 1. mgr. 87. greinar verði 4. málslíður og orðist svo:

Stúdent er þó heimilt að hefja nám í öðrum, þriðja eða fjórða hluta, enda þótt hann eigi ólokið prófi í einni námsgrein næsta hluta á undan.

8. gr.

Við 1. mgr. 87. gr. bætist nýr málslíður, 5. málslíður, svohljóðandi:

Stúdent er þó ekki heimilt að hefja nám í öðrum hluta, nema hann hafi áður staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu.

9. gr.

3. málslíður 5. mgr. 87. gr. orðist svo:

Stúdent skal velja níu þessara greina til náms í fjórða hluta.

10. gr.

Í stað orðanna „Samhliða vali á kjörgreinum“ í upphafi 5. málsliðar 5. mgr. 87. gr. komi orðin: Í fjórða hluta.

11. gr.

3. málsliður 2. mgr. 88. gr. orðist svo:

Stúdent er ekki skylt að gangast undir próf í öllum greinum misseris eða eftir atvikum árs á sama próftímabili.

12. gr.

Við 2. mgr. 88. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Um próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu og heimspekilegum forspjallsvísindum gilda að þessu leyti sérreglur, sem lagadeild setur.

13. gr.

Núverandi 2. og 3. málsliður 4. mgr. 88. gr. falli brott, en í staðinn komi svohljóðandi málsliður:

Stúdent, sem stenst ekki próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu á reglulegum próftíma, skal þó aðeins eiga þess kost, að gangast undir það á ný að vori.

14. gr.

Núverandi 5. mgr. 88. gr. falli brott, en í staðinn komi svohljóðandi málsgrein:

Próf í grein, sem flutt hefur verið á milli hluta, sbr. 3. málslið 1. mgr. 87. gr., skal stúdent ljúka áður en hann hefur nám í næsta hluta þar á eftir.

15. gr.

Aftast í 88. gr. komi ný málsgrein, 6. mgr., sem orðist svo:

Stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, er ekki heimilt að gangast oftar en fjórum sinnum undir sama próf.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Reglum 87.-89. gr. verður beitt um stúdenta, sem innrita sig til náms við lagadeild að sumri 1993 eða síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta, sem hafa staðist próf í almennri lögfræði haustið 1993 eða fyrr, en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en nemur reglulegri framvindu náms.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. getur lagadeild heimilað að stúdent, sem eldri reglur mundu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir nýjum reglum samhliða stúdentum sem þær taka til. Lagadeild getur sett nánari reglur um framkvæmd í þeim efnunum, meðal annars um gildi prófa sem stúdent hefur þegar lokið eftir eldri reglum.

Reglu 5. mgr. 88. gr. verður beitt um þá stúdenta sem hafa innritað sig til náms við lagadeild sumarið 1992 eða síðar, og tekur hún til þeirra prófa, sem stúdent hefur þreytt eftir innritun.

Reglum þessum verður beitt um stúdenta, sem innrita sig til náms við lagadeild að sumri 1997 eða síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta, sem hafa staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu haustið 1996 eða fyrr.

Þrátt fyrir fyrirmæli í næstu málsgrein hér á undan getur lagadeild heimilað að stúdent, sem eldri reglur munu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir reglum þessum. Stúdent skal þá óska þess skriflega við lagadeild eigi síðar en 20. nóvember 1996.

17. gr.

111. gr. orðist svo:

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs, deildarforseta, skorarfunda og skorarformanna.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Deildarfundi er heimilt að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til deildarráðs og skora og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu. Deildarfundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, skorarformenn í deildinni og tveir fulltrúar stúdenta. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa á deildarfundum. Ef fjalla þarf sérstaklega um málefni kennslugreinar og enginn deildarráðsmanna er kennari í þeirri grein, er heimilt að bjóða fulltrúa námsnefndar þeirrar greinar setu á deildarráðsfundi til að ræða það málefni en án atkvæðisréttar. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf kennsluárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarráðsmanna óskar þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra, enda hafi atkvæðagreiðsla ekki verið skrifleg. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarforseti hefur yfirumsjón með að ákvarðanir deilda og deildarráðs séu framkvæmdar og nýtur til þess aðstoðar skrifstofu deildarinnar. Hann er yfirmaður stjórnsýslu deildar. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, gerð fjárhagsáætlunar og forgangsroð verkefna. Hann hefur eftirlit með notkun fjárveitinga og skal stuðla að samstarfi og samræmingu við aðrar deildir og stjórnsýslusvið. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að fara með mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

18. gr.

112. gr. orðist svo:

Deildin skiptist í eftirtaldir skorir: Bókasafns- og upplýsingafræðiskor, félagsfræðiskor, mannfræði- og þjóðfræðiskor, sálfræðiskor, stjórnmálafræðiskor og uppeldis- og menntunarfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Sameiginleg aðferðafræðikennsla, M.A.-nefnd, Félagsvísindastofnun og önnur starfsemi sem ekki heyrir undir sérstaka skor heyrir undir deildarráð og deildarfund.

Hver skor fer í umboði deildarráðs og deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu nýrra stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósent- eða lektorsstöður, skal leita álits hlutadeigandi skorar og eiga fulltrúar stúdenta á skorafundi þá ekki atkvæðisrétt.

Formaður skorar ásamt formönnum námsnefnda þar sem það á við hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar. Skorarformaður fylgist með starfi námsnefnda, kennsluháttum, ráðstöfun fjárveitinga og öðru sem varðar kennslu og stjórnun í skorinni og á frumkvæði að uppbyggingu og þróun í sinni skor.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar í kennslugreinum skorar og enn fremur tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir ár hvert af félagasamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Ef fjalla þarf á skorafundi sérstaklega um málefni kennslugreinar sem enginn fulltrúi stúdenta á skorafundi leggur stund á er heimilt að bjóða stúdentafulltrúa úr námsnefnd viðkomandi greinar setu á skorafundi til að ræða það málefni en án atkvæðisréttar. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum skorarinnar fundarsetu án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys eigi síðar en í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skoramenn eftir starfsaldri. Nýkjörnir skorarformenn og námsnefndarmenn taka til starfa við upphaf háskólaárs.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skoramanna eða allir fulltrúar stúdenta æskja þess. Skorarformaður boðar fundi bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðum. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær ef hann sækir meira en helmingur atkvæðisbærra skoramanna. Gerðir skorafunda skulu bókfærðar og skal lesa fundargerð og staðfesta hana áður en fundi er slitið. Verði ágreiningur á skorafundi getur skorarformaður skotið ágreiningsmálinu til úrskurðar deildarráðs.

19. gr.

113. gr. orðist svo:

Kennslugreinar eru þessar:

- a) Aðalgreinar til B.A.-prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórn málafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þjóðfræði.
- b) Aukagreinar til B.A.-prófs: Greinar, sem tilgreindar eru sem aðalgreinar í a-lið auk annarra greina félagsvísinda samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.
- c) Félagsráðgjöf, kennslufræði, námsráðgjöf, hagnýt fjölmiðlun.

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 e og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á allt að 45 e viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi. Einnig er deildinni heimilt að gefa kost á 60 e framhaldsnámi til M.A.-prófs.

Deildin tekur, að fengnum tillögum frá skorum, námsnefndum, greinarkennurum og stúdentum, ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og aukagrein, enn fremur um skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga svo og hver þeirra séu skyldunámskeið í

aðalgrein og aukagrein. Námskeið skal að jafnaði eigi vera minna en 3 e. Heimilt er, að sama námskeið sé hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, en eigi má reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagrein til annarra deilda eða námsbrauta að fengnu samþykki félagsvísindadeildar og þeirrar deildar eða námsbrautar sem námið er sótt til.

Deildin setur nánari reglur um samval aðalgreina og aukagreina og um stærð og mat lokaritgerða. Einnig er heimilt að gera kröfur um námsárangur milli námsára.

Deildinni er heimilt að ákveða að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Próf geta verið munnleg og/eða skrifleg. Heimilt er kennara með samþykki skorar að meta ritgerðir, vinnuverkefni og æfingar sem hluta af prófi. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að krefjast þess að tilskilinni lágmarks-einkunn verði náð í hvorum eða hverjum prófþætti. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

20. gr.

114. gr. orðist svo:

Kennslu til B.A.-prófs skal haga þannig, að stúdent geti lokið 90 e námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka B.A.-prófi er níu kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í félagsvísindadeild. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tíma-mörkum þegar sérstaklega stendur á.

21. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 131/1990 tekur þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 119

3. október 1996

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 3. október 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.